

Afgreiðsla umsóknar

Fullnægjandi umsókn vegna yfirstandandi árs þarf að hafa borist Skattinum 31. mars ár hvert.

Niðurstaða birtist á álagningarseðli.

Ekki er hægt að afgreiða umsókn fyrr en öllum umbeðnum gögnum hefur verið skilað.

Vegna tekjuáranna _____

EES barnabætur

Fyrir börn sem **ekki** eru með varanlega heimilisfesti á Íslandi og eru á framfæri ríkisborgara frá ríki innan hins Evrópska efnahagssvæðis, aðildarríkis stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða Færeyjum

A Upplýsingar um umsækjanda

Nafn	Íslensk kennitala	
Póstfang á Íslandi	Póstnúmer og bær	
Póstfang í búseturíki barns	Póstnúmer og bær	Erlend kennitala
Nafn maka	Íslensk kennitala	Erlend kennitala
Netfang umsækjanda	<input type="checkbox"/> Umsækjandi gefur leyfi til að nota netfang sitt við gagnaöflun.	
Bankareikningur á Íslandi		

B Nöfn barna yngri en 18 ára sem eru á framfæri umsækjanda

Nafn barns	Fæðingardagur
Nafn barns	Fæðingardagur
Nafn barns	Fæðingardagur
Nafn barns	Fæðingardagur

C Greiddar barnabætur í búseturíki barns

Tekjuár	Barnabætur í erlendri mynt	Gjaldmiðill
Tekjuár	Barnabætur í erlendri mynt	Gjaldmiðill
Tekjuár	Barnabætur í erlendri mynt	Gjaldmiðill

D Hjúskaparstaða

Gift(ur)/sambúð Einstætt foreldri

E Tekjur maka í erlendum gjaldmiðli

Tekjuár	Heildartekjur í erlendri mynt	Gjaldmiðill	<input type="checkbox"/> Maki tekjulaus
Tekjuár	Heildartekjur í erlendri mynt	Gjaldmiðill	<input type="checkbox"/> Maki tekjulaus
Tekjuár	Heildartekjur í erlendri mynt	Gjaldmiðill	<input type="checkbox"/> Maki tekjulaus

F Eftirfarandi gögn þurfa að fylgja með umsókninni:

Gift(ur)/sambúð

- Fæðingarvottorð barns/barna (sjá E-411 á bakhlið).
- Vottorð sem sýnir hjúskaparstöðu umsóknaraðila í lok þess tekjuárs er umsóknin varðar. Ef umsóknaraðili er ógiftur en í sambúð má senda inn búsetuvottorð þar sem fram kemur að foreldrar séu skráðir á sama heimilisfang erlendis.
- Tekjuvottorð eða staðfest afrit af erlendu skattframtali maka fyrir það tekjuár er umsóknin varðar.
- Staðfesting á greiddum barnabótum í búseturíki barns.
- Ef barn er fætt á Íslandi og/eða með íslenska kennitölu má í stað fæðingarvottorðs leggja fram vottorð um hvar barnið býr.
- Ef báðir foreldrar búa á Íslandi og barn/börn búa erlendis hjá fósturforeldrum, þarf að leggja fram vottorð um hjá hverjum barnið býr og kvittanir fyrir millifærslu fjármuna forsjáraðila sem sýnir framfærslu barns/barna.

Einstætt foreldri

- Fæðingarvottorð barns/barna (sjá E-411 á bakhlið).
- Vottorð sem sýnir hjúskaparstöðu umsóknaraðila í lok þess tekjuárs er umsóknin varðar.
- Staðfesting á forsjá/forsjársamningur.
- Staðfesting á greiddum barnabótum í búseturíki barns.
- Vottorð um hvar barnið býr og með hverjum.
- Kvittanir fyrir millifærslu fjármuna forsjáraðila sem sýnir fram á framfærslu barns/barna.

.....
Dagsetning

.....
Staðfesting umsækjanda

Skýringar

Almennt

Á Íslandi fá framfærendur barna yngri en 18 ára ákvarðaðar barnabætur. Fullar barnabætur eru ákvarðaðar vegna barnsins fyrir fæðingarárið en engar fyrir árið þegar barnið nær 18 ára aldri. Eingöngu framfærendur barna eiga rétt á greiðslu barnabóta. Við ákvörðun þess hver telst framfærandi barns er fyrst og fremst litið til þess hjá hverjum barnið er skráð til heimilis í árslok samkvæmt Þjóðskrá og skiptir ekki máli þótt barnið hafi ekki verið á framfæri hans allt árið. Sá sem greiðir meðlag með barni telst ekki framfærandi í þessu sambandi. Barnabætur eru ákvarðaðar við álagningu skatta sem fer fram árið eftir tekjuárið og eru barnabætur greiddar út í tvennu lagi, fyrri greiðslan er 1. júní og sú síðari 1. október.

Fyrirframgreiðsla

Ef óskað er eftir fyrirframgreiðslu barnabóta þurfa fullnægjandi gögn að hafa borist í síðasta lagi 28. febrúar ár hvert. Fyrirframgreiðslan nemur 50% af áætluðum barnabótum ársins og greiðist með tveimur jöfnum greiðslum, 1. febrúar og 1. maí. Um er að ræða bráðabirgðagreiðslu upp í væntanlega álagningu. Við uppgjör í lok maí er fyrirframgreiðslan dregin frá ákvörðuðum barnabótum og eftirstöðvar greiddar út 1. júní og 1. október. Komi í ljós í álagningu að aðili hafi fengið ofgreiddar barnabætur í fyrirframgreiðslunni þarf að endurgreiða ofgreiðsluna 1. júní.

EES barnabætur

Ríkisborgarar frá ríki innan hins Evrópska efnahagssvæðis, aðildarríkis stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða Færeyjum sem komið hafa til Íslands til að vinna og eru með barn á framfæri sem ekki er heimilisfast á Íslandi geta átt rétt á barnabótum á Íslandi. Réttur til barnabóta er þó einungis til staðar ef framfærandi er skattskyldur hér á landi skv. 1. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, eða hann er tryggður á grundvelli 12., 13. eða 14. gr. laga nr. 100/2007, um almannatryggingar.

Ákvörðun barnabóta

Ákvörðun barnabóta er byggð á upplýsingum um fjölskyldu umsækjanda og tekjur á Íslandi og í búseturíki barns. Greiddar barnabætur í búseturíki barns koma til frádráttar greiðslu barnabóta á Íslandi. Mismunurinn er greiddur út til þess foreldris sem býr á Íslandi.

Lífeyrisþegar búsettir erlendis

Aðilar búsettir í öðru ríki á Evrópska efnahagssvæðinu sem fá greiðslur frá íslenska almannatryggingakerfinu eða íslenskum lífeyrissjóðum geta átt rétt á EES barnabótum frá Íslandi. Þeir aðilar sækja um EES barnabætur árlega með eyðublaði RSK 3.20. Standa ber skil á sömu fylgigögnum og nefnd eru hér að ofan.

Afgreiðslutímar umsókna:

Ef fullnægjandi umsókn vegna yfirstandandi árs hefur borist:

- 28. febrúar – afgreidd í lok mars.
- 31. mars – afgreidd í lok maí.
- 31. ágúst – afgreidd í lok nóvember.
- Eftir þann tíma fer afgreiðsla að jafnaði fram innan þriggja mánaða.
- Umsóknir vegna eldri ára eru að jafnaði afgreiddar innan þriggja til sex mánaða.

E-411

Einnig er mögulegt að veita ítarlegar upplýsingar um fjölskyldu umsækjanda og greiddar barnabætur í búseturíki barna með rétt útfylltu E-411 eyðublaði. Bært stjórnvald í búseturíki fjölskyldumeðlima þarf að fylla út B-hluta E-411 eyðublaðsins.

Úr lögum nr. 90/2003

Úr A. lið 68. gr.:

Með hverju barni innan 18 ára aldurs á tekjuárinu, sem heimilisfast er hér á landi og er á framfæri þeirra sem skattskyldir eru skv. 1. gr., skal ríkissjóður greiða barnabætur til framfæranda barnsins. Framfærandi telst sá aðili sem hefur barnið hjá sér og annast framfærslu þess í lok tekjuársins. Sá er greiðir meðlag með barni telst ekki framfærandi í þessu sambandi. Hjón, sem skattlögð eru skv. 62. gr., teljast bæði framfærendur og skiptast barnabætur milli þeirra til helminga. Hið sama gildir um sambúðarfólk sem uppfyllir í lok tekjuársins skilyrði 3. mgr. 62. gr. enda þótt það óski ekki að vera skattlagt samkvæmt þeirri grein. Að sama skapi teljast þeir sem halda heimili saman ásamt barni sínu framfærendur í skilningi ákvæðisins þótt skilyrði til skráningar á sambúð séu ekki uppfyllt. Við slíkar aðstæður skal ákvarða barnabætur eins og um hjón sé að ræða. Sé svo ástætt að einungis annað hjóna er skattskyld hér á landi skv. 1. gr. skal reikna því fullar barnabætur vegna þeirra barna hjónanna sem eru heimilisföst hér á landi eftir þeim reglum sem gilda um hjón, enda liggja fyrir upplýsingar um tekjur beggja ásamt upplýsingum um barnabætur eða hliðstæðar greiðslur vegna sömu barna sem greiddar hafa verið erlendis.⁽¹⁾

Fyrir barn sem öðlast heimilisfesti hér á landi á tekjuárinu skal einungis greiða barnabætur í hlutfalli við dvalartíma þess hér á landi á því ári. Þannig skal fjárhæð barnabóta og skerðingarmörk vegna tekna, sbr. 4. mgr., ákvarðast í hlutfalli við dvalartímann.⁽²⁾

...

Fjárhæð barnabóta skal skerða um þær barnabætur eða hliðstæðar bætur sem framfærandi hefur fengið erlendis frá á sama tekjuári vegna barnsins.⁽⁵⁾

....

[Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. þessa staflíðar má ákvarða barnabætur með börnum sem ekki eru heimilisföst hér á landi en eru á framfæri ríkisborgara hins Evrópska efnahagssvæðis, aðildarríkis stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða í Færeyjum, enda sé framfærandi skattskyldur hér á landi skv. 1. gr. þessara laga eða tryggður á grundvelli 12., 13. eða 14. gr. laga nr. 100/2007, um almannatryggingar.]⁽⁴⁾ Skilyrði fyrir ákvörðun barnabóta samkvæmt þessari málsgrein eru þau að börnin séu heimilisföst í einhverju ríkja hins Evrópska efnahagssvæðis, [í aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða í Færeyjum]⁽²⁾ og að fram séu lögð fullnægjandi gögn frá bæru stjórnvaldi í því landi þar sem börnin eru heimilisföst.⁽⁷⁾

...

Barnabætur skulu ákveðnar á grundvelli skattframtals við álagningu, sbr. X. kafla. Barnabætur sem eru ákvarðaðar lægri en 5.000 kr. á hvern framfæranda á grundvelli skattframtals falla niður.⁽⁸⁾

...

Úrskurður ríkisskattstjóra um fyrirframgreiðslu barnabóta skal vera endanleg úrlausn málsins á stjórnslustigi.⁽⁸⁾